

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Lýsingin skal hefjast á ótölusettri forsíðu með stuttu og lýsandi heiti á uppfinningunni og skal að öðru leyti þannig úr garði gerð:

1) *Almennur hluti* þar sem tilgreint er notkunarsvið uppfinningarinnar og staða þeirrar tækni sem hún tekur til. Greinargerð um stöðu tækninnar skal studd tilvitnunum í ritað mál þar sem fjallað er um viðkomandi tækni og umsækjanda er kunnugt um. Sérstaklega skal tilgreina hvað ávinnst með uppfinningunni í ljósi þekkrar tækni og hverra úrræða sé þörf eigi tilætlaður árangur að nást. Þessi síðastnefnda umfjöllun verður að vera í samræmi við það sem fram kemur í kröfunum og má í þessu samhengi vísa til þeirra. Leiði ekki sjálfkrafa af eðli uppfinningarinnar hvernig unnt er að hagnýta hana í atvinnulífi skal útskýra það í lýsingunni. Ef um uppfinningu er að ræða sem varðar gen skal það tekið skýrt fram hvernig unnt er að hagnýta kinnaröð eða hluta kinnaraðar gens í atvinnulífi. Ef uppfinningin varðar breytingu á erfðaeiginleikum dýra skal taka fram hvort uppfinningin geti valdið dýrinu þjáningu og ef svo er hvort uppfinningin hafi í för með sér verulegan læknisfræðilegan ávinning fyrir menn eða dýr.

2) *Sérhluti* þar sem uppfinningunni er lýst nánar og sérstaklega eru tilgreind dæmi um útfærslu eða útfærsluform hennar með vísun í teikningar ef við á. Uppfinningunni skal lýst það vel með dæmum að kröfurnar teljist nægilega vel grundaðar. Ef vísað er til teikninga er að jafnaði nauðsynlegt að birta lista yfir þær í inngangi þessa hluta lýsingarinnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a í auglýsingunni:

- a. Á eftir orðinu „örverur“ í 1. mgr. kemur: og aðrar lífverur.
- b. Í stað orðsins „örverur“ í 2. og 4. mgr. kemur: lífverur.
- c. Í stað orðsins „örverum“ í 2. og 3. mgr. kemur: lífverum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. a í auglýsingunni:

- a. Á eftir orðinu „örverur“ í 1. mgr. kemur: og aðrar lífverur.
- b. Í stað orðsins „örverur“ í 2. mgr. kemur: lífverur.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við 42. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með síðari breytingum, með stoð í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júní 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.